

## Auglýsing um þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012

Með vísan til 5. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, sbr. ályktun Alþingis 24. maí 2012, skal fara fram hinn **20. október 2012** ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og tiltekin álitafni þeim tengd.

Í atkvæðagreiðslunni verða eftirfarandi spurningar lagðar fyrir kjósendur:

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?
3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?
4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?
5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?
6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Atkvæðagreiðslan fer fram á sömu kjörstöðum og notast er við í almennum kosningum. Skömму fyrir atkvæðagreiðsluna mun hvert sveitarfélag auglýsa með venjulegum hætti hvar kjörstaðir verði, hvenær kjörfundur hefjist og hvenær honum verði slitið á kjördag, hvernig skipt verði í kjördeildir, o.fl. Kjósendur eru beðnir að kynna sér vel þær upplýsingar.

Kosningarrétt við þjóðaratkvæðagreiðsluna eiga þeir kjósendur sem eiga kosningarrétt til Alþingis, samkvæmt 2. gr. laga nr. 91/2010, sbr. 1. gr. laga nr. 24/2000.

Kjörskrár verða gerðar á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarstjórnnum í té. Kjörskrár miðast við skráð lögheimili kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi hinn 29. september 2012, sbr. 2. gr. laga nr. 91/2010. Kjörskrár skulu lagðar fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en 10. október 2012.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst **25. ágúst 2012**.